

FUNDARGERÐ			
Efni fundar: Stjórnarfundur FOKS			
Dagsetning 7. október 2015	Tími 20:00-21:30	Staður Síðuskóli	Nr. fundarg. 2
Höfundur/ritari Monika Stefánsdóttir	Viðstaddir Heimir, Sigmundur, Fanney, Dís, Magnús, Guðrún og Monika		
Viðtakendur Stjórnameðlimir FOKS og Anna Bergrós deildastjóri Síðuskóla			

Atriði nr.	Efni	Niðurstaða
1.	<p>Styrkir til bekkja frá FOKS:</p> <p>Beiðni komin frá foreldrafulltrúum/kennara í 4. Bekk um styrk vegna Kiðagilsferðar</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ákveðið var að styrkja bekkinn um 1500 kr. á barn <p>Styrkur til 7. Bekkjar vegna ferðar í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ákveðið var að styrkja bekkinn um 1500 kr. á barn <p>Styrkur til 10. Bekkjar vegna útskriftaferðar næsta vor</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ákveðið var að styrkja bekkina um 1500 kr. á ungling 	Samþykkt einróma
2.	<p>Grill og örbylgjuofn í skólann:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sigmundur keypti örbylgjuofn og er hann kominn í skólann. - Grillin koma eftir rúmlega 2 vikur og eru það eins grill og FOKS gaf í fyrra. 	Samþykkt einróma
3.	<p>Reikningar vegna Árgjalds FOKS:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sigmundur ætlar að koma út reikningum til foreldra á næstu dögum. - Upphæðirnar eru 2500 fyrir fólk með 1 barn og 3500 fyrir 2 börn eða fleiri. 	Samþykkt einróma
4.	<p>Skólaráðsfundur sem haldinn var í síðustu viku (SK-skólaráð, NR-nemendaráð):</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ósk um potta og pönnur vegna grillsvæðis við skólann. SK. – búið að gera samning við skógræktina um að gera svæðið vistlegra til frekari nýtingar á svæðinu. Hugmyndin er að pottar og pönnur sé í eigu skólans og verði nýtt á vegum skólans. 2. Athuga efni vegna smíðar húsg. og hús. upp við grill. 3. Ósk um aðstoð foreldra við fluttning á bókasafni. SK. 4. Ósk um hjólabrettavöll eins og við Giljaskóla. NR. 5. Mála þarf körfuboltavöll NR 6. Ósk um að skoða frísbíggjufvöll fyrir ofan skólann. NR 7. Skoða hvort hægt sé að aðstoða við kaup á skápum. NR. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Hafnað 2. Hafnað 3. Tekið jákvætt í erindið vantar frekari upplýsingar 4. Vísu málinu til Hverfisnefndar 5. Vísu málinu til Hverfisnefndar 6. Vísu málinu til Hverfisnefndar 7. Hafnað
5.	<p>Reikningar bekkja:</p> <p>Skoða þarf reglurnar og fara yfir. Skoða þarf sérstaklega hvernig farið skal með peninga sem útskrifaðir 10.bekkingar ráðstafa ekki úr sínum sjóð verði nýttur í gjafir til skólans.</p> <p>Enn vantar gjaldkera í alla bekki nema 4. Bekk og 10. Bekk. Heimir ætlar að senda ítrekun á bekkjarfulltrúa allra bekkja.</p> <p>Skrifað var undir prófkúruheimild fyrir nýja gjaldkera</p>	Samþykkt

6.	Bréf vegna gangbrauta í Síðuhverfi: a) Senda þarf bréf með óskir um að bæta við gangbrautum í hverfinu til hverfisnefndar	Unnið verður með málið áfram og sent til Hverfisnefndar. Óskað verður eftir frekari lýsingu við gönguleiðir og gangbrautir í hverfinu. Samþykkt einróma
7.	Bréf vegna breytingar á innkeyrslu við Síðuskóla: b) Senda þarf bréf til hverfisnefndar um breytingu á innkeyrslu við skólann	Heimir ætlar að hitta Jónas á tækni- og umhverfissviði til að ræða smá breytingu á teikningunni. Heimir mun senda stjórninni tölvupóst með frekari upplýsingum og verður þetta tekið fyrir á næsta fundi.
8.	Kurl á sparkvellingum við Síðuskóla: c) Skólaráð fjallaði um þetta í síðustu viku – lýsti yfir áhyggjum á ástandinu og óska eftir betri upplýsingum. d) Skólanefnd tók þetta fyrir á mánudaginn – tveir sparkvellir á Akureyri eru með þetta kurl en ekki var gefið upp hvaða vellir það voru.	Krefjumst þess að fá upplýsingar um hvaða vellir þetta séu og að bærinn loki þeim þar til að búið verði að laga þetta. Sent verður bréf til bæjarstjóra, Íþrótt- og tómstundaráðs, Framkvæmdaráðs og vakin verður athygli á þessu í fjölmiðlum með opnu bréfi t.d. í Vikudag Samþykkt einróma
9.	Önnur mál: 1. Teppi á íþróttasalinn 2. Hugmyndir um verkefni vetrarins 3. Samvinna með Heimili og skóla 4. Bingó búnaður	1. Sigmundur hefur enn ekki fengið svör frá söluaðila um verð á teppi á salinn. 2. Ræddar betur á næsta fundi 3. Eftir áramót verður fyrirlestur á vegum Heimilis og skóla þar sem verður farið í réttindi og skyldur fólks í foreldrafélögum, bekkjarráðum og nefndum á vegum bæjarfélagsins. 4. Að rukkuð verði leiga á Bingo búnaðnum, 10.000 kr. í hvert skipti.
	Ekki fleira skráð	